

Pingeyjarsveit  
b.t. Dagbjartar Jónsdóttur sveitarstjóra  
Kjarna  
650 Laugum

4.11.2016  
2016-03-2/11.1

## Efni: Þeistareykjalína 1 – frekari upplýsingar

Vísað er til bréfs Pingeyjarsveitar, dags. 1. nóvember sl., varðandi framkvæmdaleyfisumsókn Landsnets vegna Þeistareykjalínu 1 þar sem óskað er eftir samantekt með nánari lýsingu á umhverfisáhrifum háspennulínu fyrir Höfuðreiðarmúla og samburði við leiðarval um Jónsnípuskarð, gerð verði stuttlega grein fyrir áhrifum jarðstrengs sem framkvæmdakosts innan Pingeyjarsveitar auk þess sem gerð verði grein fyrir mögulegri útfærslu framkvæmdar í Þeistareykjahrauni.

### I.

Í vinnu sveitarfélaga við svæðisskipulags háhitasvæða í Pingeyjarsýslum voru lagðir fram til skoðunar tveir mögulegir valkostir um legu línu norður frá Þeistareykjum, kostir A1d (um Jónsnípuskarð) og A1c (fyrir Höfuðreiðarmúla).

Niðurstaða svæðisskipulagsins fól í sér að tekin var ákvörðun um línuleið A1d um Jónsnípuskarð. Í umfjöllun um valkostina og rökstuðningur fyrir vali á A1d er í kafla 5.2.3. segir í svæðisskipulaginu:

*Þáðar flutningsleiðir sem um ræðir fara yfir hraun frá nútíma (Þeistareykjahraun). Gróðurfar á leiðunum er að mestu flokkað sem hálfgróið og mólendi að hluta. Lega flutningslína yfir óraskað nútímahraun er talin hafa neikvæð áhrif á náttúrufernd og náttúruvernd m.t.t. rasks á landi og landslags. A1c og A1d fara eftir sömu afmörkun vestur fyrir Guðfinnugjá. Sjónræn áhrif og áhrif á gróður verða því þau sömu á þeim hluta leiðar. A1c fer síðan í norður eftir hrauninu samhliða fyrirhuguðum vegi í átt að núverandi vegi sem samræmist betur stefnu um að vegir og línur skuli fara saman þar sem því er við komið. A1d beygir frá vegi til vesturs um Jónsnípuskarð og mun liggja um minna raskað land en A1c. Þar sem lína A1c beygir fyrir Höfuðreiðarmúla er talið að gæta muni neikvæðra samlegðaráhrifa vegna flutningslínu sem er þar fyrir (Kópaskerslína). A1c gefur kost á því að flutningslína að Húsavík fari annað hvort austan eða vestan Höskuldsvatns. Leiðin austan Höskuldsvatns er veðurfarslega verri. Kostur A1d samræmist betur stefnu Norðurlþings um að flutningslínur frá orkuvinnslusvæðum að Bakka við Húsavík liggja vestan Höskuldsvatns. Byggt á niðurstöðu umhverfismats og stefnumörkun svæðisskipulagsáætlunar er talinn sá kostur að afmarka landsvæði fyrir flutningslínur í norður frá Þeistareykjum eftir valkosti A1d. Stefnumörkunin er talin samræmast stefnu sveitarfélaga og umhverfisviðmiða með því að: fylgja stefnu Norðurlþings um legu flutningslína um sveitarfélagið; liggur að hluta samsíða fyrirhuguðum vegi; fer um hraun á minna svæði en A1c.*

Í kjölfarið samþykktar svæðisskipulagsins fylgdu sveitarfélögin ákvörðuninni eftir við breytingar eða endurskoðun á aðalskipulagsáætlunum sínum. Í álit Skipulagsstofnunar vegna framkvæmda Landsnets vegna háspennulína milli háhitasvæða í Pingeyjarsýslum og iðnaðarsvæðis á Bakka kom hins vegar fram það álit að Landsnet skyldi kanna möguleika á útfærslu Þeistareykjalínu 1, sem gerðu ráð fyrir því að línán færi fyrir Höfuðreiðarmúla. Landsnet hefur kannað umræddan möguleika frekar. Það er niðurstaða Landsnets að línuleið um Jónsnípuskarð hafi síður neikvæð áhrif en línuleið fyrir Höfuðreiðarmúla á helstu umhverfisþætti sem sem lagt var mat á vegna Þeistareykjalínu 1.

### Sjónræn áhrif.

Séu bornir saman þeir kostir að fara með línuna um Jónsnípuskarð (A1d) eða fyrir Höfuðreiðarmúla (A1c) er mikilvægt að haft sé í huga að ef línán lægi fyrir Höfuðreiðarmúla myndi línán lengjast um 1,3



km sem felur í sér að reisa þyrfti um fimm fleiri möstur en á þeirri leið sem valin hefur verið um Jónsnípuskarð. Bæði sjálf möstrin og rask sem verður við hvert og eitt þeirra eykur sjónræn áhrif línunnar. Að sama skapi myndi slóðagerð væntanlega verða meiri. Það gæti komið til álita að nýta veginn sem nú hefur verið byggður upp frá Þeistareykjavirkun og norður sem aðkomuveg fyrir afleggjara að möstrum. Hins vegar telur Landsnet í ljósi reynslunnar að erfitt gæti verið að fá leyfi til að leggja slíkar tengingar frá veginum og því yrði væntanlega að ráðast í lagningu sérstaks línuvegar meðfram línunni.

Það sem enn frekar myndi auka sjónræn áhrif vegna línu sem færi fyrir Höfuðreiðarmúla er samlegð hennar þar sem hún myndi þvera Kópaskerslínu 1, þar sem aðstæður eru fremur þröngar. Krappt horn yrði strax og komið væri norður fyrir Kópaskerslínu 1 og línurnar, sem eru ósamstæðar að gerð, myndu liggja samsíða á kafla. Síðan tæki línan stefnu vestur fyrir Höskuldsvatn. Þannig yrði úr talsvert kraðak ósamstæðra mastragerða við fjölfarna leið og því um verulega mikinn sýnileika mannvirkja að ræða.

Landsnet telur að sjónræn áhrif af línuleið fyrir Höfuðreiðarmúla séu því meiri en af línu um Jónsnípuskarð. Að auki áréttar Landsnet þá niðurstöðu sem kom fram í matsskýrslu vegna framkvæmdanna að háspennulínurnar munu ekki verða áberandi í Jónsnípuskarði séð frá Þeistareykjum. Sá hluti línunnar sem þar mun mest vera áberandi er þar sem línan fer yfir Þeistareykjahraunið og skiptir þar ekki máli hvort línuleiðin færi þaðan um Jónsnípuskarð eða fyrir Höfuðreiðarmúla. Í því sambandi vísar Landset til mynda á bls. 40, 42 og 43 í matsskýrslu framkvæmdanna.<sup>1</sup>

### Áhrif á jarðmyndanir.

Ljóst var að línuleið fyrir Höfuðreiðarmúla myndi fara um hraun á stærra svæði. Það kom meðal annars fram strax í svæðisskipulagi háhitasvæðana. Þá niðurstöðu er hægt að rökstyðja enn frekar ef skoðað er jarðfræðikort ÍSOR<sup>2</sup>, sem lagt var fram í mati á umhverfisáhrifum vegna Þeistareykjavirkjunar (sjá mynd merкта 46 í viðauka 1). Þar má sjá fyrirhugaða Þeistareykjalínu 1 liggja um Jónsnípuskarð og svo valkosti um veglínur frá Þeistreykjavirkjun til norðurs. Í svæðisskipulagi háhitasvæðanna lágu línuleiðirnar saman fyrst norðvestur frá Þeistareykjavirkjun, en skiptust síðan þegar komið var á leiðis yfir Þeistareykjahraun, leið A1d til vesturs yfir Jónsnípuskarð, en A1c til austurs fyrir Höfuðreiðarmúla. Línuleið fyrir Höfuðreiðarmúla var staðsett rétt austan við þá veglínu sem merkt er á myndinni sem veglína A. Samkvæmt því má draga þá ályktun að möguleg línuleið fyrir Höfuðreiðarmúla hefði legið á lengri kafla um Þeistareykjahraun heldur en línuleið um Jónsnípuskarð. Leiðin um Jónsnípuskarð fer hins vegar á kafla um eldra hraun, Skildingahólshraun.

Þeistareykjahraun er með yngri hraunum á svæðinu, er um 2.500 ára gamalt en Skildingahólshraun sem undir því liggur á hluta er talið um 12.500 ára gamalt.<sup>3</sup> Með tilliti til lögskýringargagna náttúruverndarlaga má því telja að Þeistareykjahraun hafi meira verndargildi en Skildingahólshraun, sbr. það sem segir í um verndun eldhrauna í frumvarpi laga til náttúruverndar. Þar segir m.a. „Í a-lið 2. mgr. er kveðið á um vernd eldvarpa, eldhrauna, gervigíga og hraunhella. Í ákvæðinu er áréttað að átt sé við jarðmyndanir sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu við lok ísaldar, þ.e. jarðmyndanir sem jökull hefur ekki gengið yfir. [...] Verndargildi hrauna lækkar við rask og veðrun og því hafa yngri hraun almennt herra verndargildi en eldri hraun. Sögulegt samhengi og þekking á myndun hraunanna eykur mikilvægi þeirra og því hafa eldvörp, gervigígar og eldhraun mynduð á sögulegum tíma alla jafna meira verndargildi en eldri myndanir.“<sup>4</sup>

Línuleið um Jónsnípuskarð mun því síður skerða eldhraun með herra verndargildi en ef farið væri fyrir Höfuðreiðarmúlann.

<sup>1</sup> Háspennulínur (220 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík. Jarðstrengur (132 kV) frá Bjarnarflagi að Kröflu. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla. 2010.

[http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/819/Matsskýrsla%20háspennulínur\\_150.pdf](http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/819/Matsskýrsla%20háspennulínur_150.pdf)

<sup>2</sup> Myndin sýnir jarðfræði á veglínunum A og B, sem Þeistareykir ehf. lagði mat á umhverfisáhrifum á í umhverfismati vegna Þeistareykjavirkjunar. Sjá matsskýrslu bls. 94.

<http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/814/Matsskýrsla%20Þeistareykjavirkjun.pdf>

<sup>3</sup> Kristján Sæmundsson. Unnið fyrir Þeistareyki ehf. Greinargerð ISOR-07270. Mynd 2. Bls. 17.

<http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/814/Matsskýrsla%20Þeistareykjavirkjun.pdf>

<sup>4</sup> Frumvarp til laga um náttúruvernd. <http://www.althingi.is/altext/141/s/0537.html>



### Áhrif á landslagsheildir.

Eins og áður segir tók skoðun valkosta í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum, frá Þeistareykjum norður fyrir Höfuðreiðarmúla, til tveggja valkosta sem greindust frá sameiginlegri línuleið fyrsta kaflann frá Þeistareykjavirkjun. Sameiginlega línuleiðin var sá kafli leiðarinnar sem liggur yfir Þeistareykjahraunið, bæði hraunmyndunina sjálfa og þeirrar landslagsheildar sem nefndist „Þeistareykjahraun“ sbr. mynd 7.3 í matsskýrslu<sup>5</sup> (sjá mynd merкта 7.2. í viðauka 1). Áhrif línunnar eru talin talsvert neikvæð innan Þeistareykjaheildarinnar og „Austurhlíða Lambafjalla“ en óveruleg innan landslagsheildarinnar „Lambafjöll“ þar sem línan fer um Jónsnípúskarð. Hefði línan legið austar og farið fyrir Höfuðreiðarmúlan hefði línán á lengri kafla legið norður eftir landslagsheildarinni „Þeistareykjahraun“. Því telur Landsnet að áhrif línuleiðarinnar fyrir Höfuðreiðarmúla hefði ekki haft minni neikvæð áhrif með tilliti til landslags heldur en línuleið um Jónsnípúskarð.

### Áhrif á gróður.

Á gróðurkortu sem sýnt er á mynd 47 í matsskýrslu Þeistareykjavirkjunar<sup>6</sup> má sjá veglínuleið A. Eins og áður segir var línuleið A1c í svæðisskipulaginu staðsett rétt austan við veglínuleið A (sjá mynd merкта 47 í viðauka 1). Af myndinni og vitneskju um staðsetningu leiðar A1c má draga þá ályktun að áhrif línunnar á gróður hefði orðið meiri en vegna línuleiðar um Jónsnípúskarð, þar sem línán fyrir Höfuðreiðarmúla fer á stærri kafla um gróíð land. Því telur Landsnet að áhrif línuleiðar um Jónsnípúskarð hafi minni áhrif á gróður en leiðin fyrir Höfuðreiðarmúlan.

### Áhrif á verndarsvæði

Eftir að umhverfismati framkvæmdanna lauk hefur Þingeyjarsveit staðfest Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 og samþykkt deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar. Í þeim skipulagsáætlunum liggur afmörkun og ákvæði hverfisverndarsvæða skýrar fyrir en lá til grundvallar í umhverfismati framkvæmdanna. Það er hins vegar ljóst að þó valin væri línuleið sem færi fyrir Höfuðreiðarmúla hefði það ekki áhrif á nálægð Þeistareykjalínu 1 við hverfisverndarsvæði skipulagsins. Línán er í mestri nálægð við hverfisverndarsvæði þar sem línán fer um Þeistareykjahraun næst virkjuninni óháð því hvort farið yrði yfir Jónsnípúskarð eða fyrir Höfuðreiðarmúla, en á þeim leiðum eru ekki tilgreind hverfisverndarsvæði.

## II.

Í umhverfismati vegna fyrirhugaðra raflína að Bakka var ekki lagt mat á möguleg umhverfisáhrif sem hlýst af Þeistareykjalínu 1 væri hún lögð sem jarðstrengur.

Eins og áður segir liggur Þeistareykjalína 1 um eldhraun næst Þeistareykjavirkjun. Með tilliti til verndargildis hraunsins og því að vegna þess hve það er skorið með fjölda misgengja sem búa til háa stalla og djúpar gjár, telur Landsnet ólíklegt að ef ætlunin væri að leggja línuna sem jarðstreng að henni hefði verið valin sama lagnaleið og loftlínunni. Mun líklegra er að reynt hefði verið að fara með jarðstreng nokkru lengri leið meðfram veginum, sem nú hefur verið byggður upp frá Þeistareykjavirkjun til norðurs og lagt var mat á í umhverfisáhrifum Þeistareykjavirkjunar. Þar væri hugsanlegt að setja streng í vegöxlina á um 6,5 km kafla meðfram veginum. Sú lausn hefði þó hugsanlega verið nokkrum annmörkum háð vegna annara lagna sem fyrir eru í veginum. Þar sem fyrir liggur að í Norðurþingi liggur loftlínán um Jónsnípúskarð þyrfti jarðstrengur að víkja frá veginum austan skarðsins og liggja um óraskað hraun u.þ.b. 1,5 km leið og þaðan u.þ.b. 2 km um óraskað land vestan hraunsins og upp að sveitafélagamörkum í Jónsnípúskarði.


Algengasta aðferðin við jarðstrengslögn á hárrí spennu er lagning í opinn skurð. Skurðurinn er grafinn en ef klöpp er í skurðstæðinu þarf í flestum tilfellum að fjarlægja hana með fleygun eða sprengingum. Hefðbundið skurðsnið fyrir eitt sett af 220 kV streng, er sýnt á myndinn hér að neðan. Jarðstrengurinn er lagður á um 1 m dýpi, umlukinn sérvöldum strengjasandi. Einleiðarar strengsins eru dregnir út með ákveðnu millibili á rúllum eftir skurðbotninum. Strengjasandurinn er þjappaður og síðan fyllt yfir með uppgröfðu eða aðfluttu efni. Umframefni þarf að aka brott eða jafna út á staðnum.

<sup>5</sup> Háspennulínur (220 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík. Jarðstrengur (132 kV) frá Bjarnarflagi að Kröflu. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla. 2010.


[http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/819/Matsskýrsla%20háspennulínur\\_150.pdf](http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/819/Matsskýrsla%20háspennulínur_150.pdf)

<sup>6</sup> Þeistareykjavirkjun. Allt að 200 MW jarðvarmavirkjun í Þingeyjarsveit og Norðurþingi. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla. 2010.

<http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/814/Matsskýrsla%20Þeistareykjavirkjun.pdf>



Þar sem jarðvegur er ekki burðarhæfur er nauðsynlegt að hafa slóð meðfram skurði vegna efnisflutninga og flutninga á strengkeflum. Oftast er hægt að leggja uppgrafið efni úr strengskurði á bakka og ef slóð fær að vera til frambúðar má nota umframefni að mestu meðfram slóðinni til frágangs. Dæmigert snið strengskurðar og vinnuslóðar fyrir eitt strengsett ( $1 \times 2000 \text{ mm}^2$ ) er sýnt á mynd mynd hér að neðan.



Mynd - Eitt strengsett ( $1 \times 2000 \text{ mm}^2$ ) með vinnuslóð.

Raskbelti vegna lagningar eins  $2000 \text{ mm}^2$  strengs með vinnuslóð getur verið á bilinu 8 – 14 m. Í útreikningum á raski er gert er ráð fyrir að vinnuslóðin sé 5,5 m að meðaltali og raskbeltið í heild 11 m að meðaltali.

Miðað við þessar forsendur má áætla að rask vegna strenglagningar Þeistareykjalínu 1 innan Þingeyjarsveitar yrði samtals 11 ha. Í vegöxl á 6,5 km kafla yrði raskið 7,15 ha. Rask í hrauni á 1,5 km kafla yrði 1,65 ha og á röskuðu landi utan vegaxlar á 2 km kafla yrði raskið 2,2 ha.

Mismunandi er eftir gerð jarðvegs hversu vel gengur að ganga frá ummerkjum strenglagna. Meðfram veginum þar sem strengurinn myndi liggja er landið ýmist ógróið eða hálfgróið samkvæmt gróðurkortu úr matsskýrslu Þeistareykjavirkjunar (Sjá mynd 47 í viðauka 1). Þar sem strengurinn yrði tekinn til vesturs út frá veginum og upp upp í Jónsnípuskarð er gróðurfur með sama hætti samanber fyrrnefnt gróðurkort. Því yrði ekki mjög umfangsmikið gróðurlendi sem myndi raskast en ummerki rasksins yrðu væntanlega meira áberandi, sérstaklega þar sem strengurinn færi um óraskað hraun.

Þá er rétt að fram komi að í maí 2016 lét Landsnet, að ósk atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, gera athugun á jarðstreng sem kosti í Kröflulínu 4. Ljóst er að tæknilegar forsendur flutningskerfisins á Norðausturlandi takmarka möguleika til lagningar jarðstrengja á 220 kV spennu. Þannig er unnt leggja um 11 km í jörðu af um 33 km heildarlengd línunnar. Kostnaðarhlutfall jarðstrengs samborið við loftlínu er 2,56 og lagning jarðstrengs á línuleiðinni fellur ekki að viðmiðum í stefnu stjórnvalda í lagningu raflína. Sambærileg sjónarmið gilda um Þeistareykjalínu 1. Athugunin ásamt minnisblaði um umhverfisáhrif jarðstrengs og rýni sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið óskaði eftir er meðfylgjandi (viðaukar 3-7).

### III.

Eins og fram kemur í frumvarpi til laga um heimild til handa Landsneti hf. til að reisa og reka 220 kV raflínur frá Kröflustöð að Þeistareykjavirkjun og að iðnaðarsvæðinu á Bakka í Norðurþingi voru í aðdraganda frumvarpsgerðarinnar haldnir fundir með aðkomu forsætisráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Skipulagsstofnunar, Landverndar og Landsnets, með það fyrir augum að reyna að finna sameiginlega lausn á þeirri óvissu sem uppi var í málinu. Lagði Landsnet fram hugmynd Landsnets um minni háttar breytingar á Þeistareykjalínu 1 til að



koma til móts við sjónarmið kæranda sem fólst í því að draga frekar úr skerðingu á hrauni. Í frumvarpinu kemur fram að standi vilji sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar til að verða við óskum um þessa minni háttar breytingu ætti afgreiðsla skipulagsbreytinganna að geta gengið hratt fyrir sig. Þá segir enn fremur að Landsnet telji að að ráðast mætti í slíka breytingu á Þeistareykjalínu 1 án óásættanlegra tafa á verkefninu.

Breytingartillagan fólst í því að legu línunnar væri hnikað á u.þ.b. tveggja kílómetra kafla, en eitt mastur (TR1-3) er samkvæmt skipulagi innan hverfisverndaðs svæðis skammt frá hraunjaðri. Sambærileg breytingartillaga var tekin til skoðunar árið 2008 í tengslum við breytingar á Kröflulínu 4, en þá var ákveðið að gera ekki umrædda breytingu. Tillagan felur í sér að mastur TR1-3 færast til norðausturs og lendir utan hrauntungunnar, en mesta færsla línunnar nemur 220 metrum frá núverandi útfærslu. Mastur TR1-3 verður þá hornmastur sem er um 10 metrum lægra en tekur á móti meira landrými. Þá lækkar mastur TR-4 um u.þ.b. 4 metra en í heildina fjölgar um eitt mastur í línunni. Þessi tilfærsla hlífir umræddri hrauntungu en á móti kemur að mögulega eykst sýnileiki mannvirkja frá vegi. Í meðfylgjandi viðauka 2 er að finna nánari umfjöllun um breytingartillöguna.

Fyrir liggur það mat að breytingartillagan krefjist ekki breytinga á svæðisskipulagi og feli eingöngu í sér óverulega breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi. Því geti afgreiðsla slíkrar breytingar tekið skemmri tíma en almennt gengur og gerist með skipulagsbreytingar. Að mati Landsnets mun þessi breyting engu að síður valda töfum á útgáfu framkvæmdaleyfis og í ljósi þeirra tafa sem þegar hafa orðið á framkvæmdum er mikilvægt að nýta allan þann tíma sem mögulega gefst til framkvæmda áður en vetur gengur í garð. Mælir þetta með því að framkvæmdaleyfið verði gefið út óbreytt. Rétt er að ítreka það sem fram kemur að ofan um að hvor útfærsla um sig hefur sína kosti og galla.

Frekari gögn, þ.á m. myndband af tengingu Bakka og Þeistareykja við flutningskerfið<sup>7</sup> og myndir af framkvæmdum, er að finna á heimasíðu Landsnets. Félagið er reiðubúið að afla frekari gagna eða veita upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllt,

Guðjón Axel Guðjónsson, lögfræðingur Landsnets.

*Fylgiskjöl:*

*Viðauki 1 – Jarðfræði, landflokun og yfirlitskort.*

*Viðauki 2 – Minnispunktar um möguleika á minnkun áhrifa vegna framkvæmda við KR4 og TR1.*

*Viðauki 3 – Athugun á jarðstreng sem kost í 220 kV Kröflulínu 4, Landsnet og EFLA, maí 2016.*

*Viðauki 4 – Umhverfisáhrif jarðstrengs innan Skútustaðahrepps, Minnisblað EFLU, 20.10.2016.*

*Viðauki 5 – Alta, rýni – minnisblað, dags. 6.7.2016.*


*Viðauki 6 – Lota, rýni – minnisblað, dags. 6.7.2016.*

*Viðauki 7 – Orkustofnun, rýni – minnisblað, dags. 6.7.2016.*


---

<sup>7</sup> Sjá <https://vimeo.com/139457197>.

## Viðauki 1



Mynd 46 Jarðfræði á veglínunum A og B norðan Peistareykja.



Mynd 47 CORINE landflokun LMÍ á veglinum A og B norðan Peistareykja.

